

111

15. nóv.

AUGLÝSING

um samning milli Póststjórnar Íslands og Póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um skipti á böggjum í bögglaþósti.

Póststjórnir Íslands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands eru ásáttar um að hefja regluleg bein skipti á böggjum milli Íslands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Í samningi þessum og starfsreglugerð, sem fylgir honum, merkja orðin „hið sameinaða konungsríki“ Stóra-Bretland og Norður-Írland, eyjarnar í Ermarsundi og eyna Mön.

SAMNINGUR

1. grein.

Takmörk þyngdar og stærðar.

1. Böggull til Íslands, settur á pósti í hinu sameinaða konungsríki, má ekki fara fram úr 22 pundum að þyngd, 3 fetum og 6 þunlungum að lengd og 6 fetum að lengd og ummáli samanlögðu; og böggull til hins sameinaða konungsríkis, settur á pósti á Íslandi, má ekki fara fram úr 10 kílógrömmum að þyngd, 1,05 metra að lengd og 1,80 metra að lengd og ummáli samanlögðu.
2. Um nákvæman útreikning þyngdar og stærðar bögguls gildir álit sendipósthússins, nema um bersýnilega skekkju sé að ræða.

2. grein.

Transít á böggjum.

Hvor póststjórnin um sig ábyrgist transítheimild fyrir böggla yfir landsvæði sitt til eða frá hverju landi, sem þær hvor um sig hafa bögglaðið-skipti við.

Transítböggla skulu háðir ákvæðum þessa samnings og starfsreglugerðarinnar að svo miklu leyti, sem þau eiga við.

3. grein.

Fyrirframgreiðsla, burðargjald og taxi.

1. Fyrirframgreiðsla á burðargjaldi undir böggla er skylda nema sé um áfram-senda eða endursenda böggla að ræða.
2. Burðargjaldið skal samsett af upphæðum þeim, er falla í hlut hvernar póststjórnar, sem tekur þátt í flutningnum á landi eða sjó.

4. grein.

Landburðargjald.

111

15. nóv.

Undir böggla, sem fluttir eru úr öðru landinu til afhendingar í hinu, skal landburðargjald hins sameinaða konungsríkis vera fr. 1.75 og fr. 3.15 undir böggla, sem fara ekki fram úr 5 kílógrömmum (11 lb) og 10 kílógrömmum (22 lb) að þyngd hver um sig, og landburðargjald Íslands skal vera fr. 0.80, fr. 1.25 og fr. 2.00 undir böggla, sem fara ekki fram úr 1 kílógrammi (3 lb), 5 kílógrömmum (11 lb) og 10 kílógrömmum (22 lb) að þyngd hver um sig.

Póststjórn Íslands áskilur sér rétt til þess að breyta gjaldi sínu í samræmi við hverja þá breytingu, sem kann að verða gerð á gjöldum með alþjóðasamningum á eftir Lundúnasamningnum frá 1929.

Póststjórn hins sameinaða konungsríkis áskilur sér rétt til þess að breyta landburðargjöldum sínum í samræmi við hverja þá breytingu á téðum gjöldum, sem kann að verða ákveðin í sambandi við bögglapóstskipti hennar við önnur lönd almennt.

5. grein.

Sjóburðargjald.

Hvorri póststjórninni um sig heimilast að ákveða gjald fyrir hvern sjóflutning, sem hún sér fyrir.

6. grein.

Gjald fyrir tollmeðferð.

Póststjórn Íslands má taka fyrir afhendingu til tollstjórnar og tollmeðferð, eða fyrir afhendingu til tollstjórnar eingöngu, þóknun er fari ekki fram úr 50 sentímum á böggul eða annað slíkt gjald, sem alþjóðasamningar, er taka við af Lundúnasamningnum frá 1929, kunna að ákveða.

Póststjórn hins sameinaða konungsríkis má taka slíka þóknun eins og hún kann að verða ákveðin á hverjum tíma fyrir samskonar þjónustu í bögglapóstskiptum hennar við önnur lönd almennt.

7. grein.

Tollar og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld.

Tollgreiðslur og öll önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld, skulu greidd af viðtakendum böggla, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samningi þessum.

8. grein.

Gjaldfrjálsir bögglar.

Sendendur geta tekið að sér greiðslu á öllum gjöldum, sem hvíla á bögglum við afhendingu, gegn því að láta viðtökupósthúsinu í té á undan yfirlýsingu um það.

111 Í þessu efni verða sendendur að taka að sér að greiða upphæðir þær, sem
15. nóv. póststjórn ákvörðunarlandsins krefst, og, ef nauðsyn krefur, setja fullnægjandi veð.

Póststjórnin, sem leggur gjöldin út vegna sendanda, má taka fyrir það umbodsgjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentimum fyrir böggul. Gjald þetta er óviðkomandi gjaldinu fyrir tollmeðferð, sem nefnt er í 6. grein að framan.

Fyrir böggul, sem sendur er samkvæmt þessum ákvæðum og upprunninn úr hinu sameinaða konungsríki, skal póststjórn hins sameinaða konungsríkis heimilt að taka sérstakt gjald af sendanda, og má það ekki fara fram úr 1 shilling.

9. grein.

Geymslugjald.

Hvor póststjórnin um sig hefir heimild til þess að taka hvert það geymslugjald, sem löggjöf hennar ákveður fyrir böggul, sem sendur er „poste restante“ eða sem ekki hefir verið sóttur innan hins tiltekna tíma.

Gjald þetta má í engu einstöku tilfelli fara fram úr 5 frönkum.

10. grein.

Forboð.

1. Póstbögglar mega ekki innihalda neitt bréf, orðsendingu eða skjal, sem talið geta hreinar persónulegar bréfaskriftir í nútíð, né heldur nokkra tegund pakka með annari utanáskrift en viðtakanda böggulsins eða fólks, sem hjá honum býr.

Þó er leyfilegt að láta í böggul opna vöruskrá, er aðeins inniheldur þær upplýsingar, er mega standa í vöruskrá.

2. Ennfremur er bannað að láta í böggul:

- a) hluti, sem samkvæmt eðli sínu eða umbúnaði geta verið hættulegir lífi póstmanna, óhreinkað eða skemmt aðra böggla;
- b) sprenghætta, eldfima eða hættulega hluti (þar í innifalið hlaðnar hvellhettur, hlaðin skothylki og eldspýtur);
- c) lifandi dýr (að undanteknum býflugum, sem skulu settar í öskjur, er séu þannig gerðar að ekki stafi hætta af fyrir póstmenn, en þó sé hægt að rannsaka innihaldið);
- d) hluti, sem bannaður er innflutningur á með lögum, með tollreglugerðum eða öðrum ákvæðum;
- e) klámfenga og ósæmilega hluti.

Þar að auki er bannað að senda mynt, platinu, gull eða silfur hvort heldur unnið eða óunnið, dýra steina, gimsteina og aðra dýrgripa í böggul um með ótilgreindu verði til landa, sem leyfa tilgreiningu á verði.

3. Böggull, sem ranglega hefir verið settur á póst, skal endursendur til upprunalandins, nema póststjórn ákvörðunarlandsins hafi heimild samkvæmt löggjöf sinni að fara öðruvísi með hann.

Nú er í böggli bréf eða orðsending, sem telja má hreinar persónulegar **111**
bréfaskriftir í nútíð, og skal þá eigi undir neinum kringumstæðum endur- 15. nóv.
senda böggulinn af þeim ástæðum.

4. Spreng hætt, eldfim eða hættuleg efni og klámfenga eða ósæmilega hluti skal eigi endursenda til upprunalands, heldur skal farið með þá af pósthjórnninni, sem verður þeirra vör í póstinum, eins og innanlandsreglugerðir hennar mæla fyrir.
5. Nú er böggull, sem ranglega hefir verið settur á póst, hvorki endursendur til upprunastaðar né afhentur viðtakanda, og skal þá pósthjórnn upprunalandshins fá nákvæmar upplýsingar um meðferð hans, svo hún geti gert nauðsynlegar ráðstafanir.

11. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi bögguls með tilgreindu verði getur fengið móttökukvittun samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru um ábyrgðarsendingar í alþjóðapóstsamningnum.

Móttökukvittun er ekki hægt að fá fyrir böggul, sem ekki er með tilgreindu verði.

12. grein.

Áframsending.

1. Böggul má áframsenda vegna þess að viðtakandi hefir skipt um heimilisfang í ákvörðunarlandinu.

Pósthjórnn ákvörðunarlandshins má taka sama gjald fyrir áframsendinguna og ákveðið er í innanlandsákvæðum hennar. Á sama hátt má áframsenda böggul frá öðru hvoru landanna, sem samning þenna gera, til einhvers annars lands, að því tilskyldu að böggullinn fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir frekari áframsendingu hans, og, sem höfuðregla, að viðbótagjaldið sé greitt fyrirfram þegar áframsendingin byrjar, eða að skrifleg skilríki liggi fyrir um að viðtakandi ætla að greiða það.

2. Aukagjöld, sem lögð eru á vegna áframsendingar og ekki greidd af viðtakanda eða umboðsmanni hans, skulu ekki strikast út við frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar, heldur skulu þau tekin af viðtakanda eða sendanda, eftir því sem við á, ásamt sérhverju sérstöku gjaldi, sem á kann að falla, og pósthjórnn ákvörðunarlandshins heimilar ekki að strika út.

13. grein.

Um skakkt senda böggla.

Böggla, sem komast út af rétttri leið eða sem ranglega hafa verið teknir til flutnings, skal senda á ný eða endursenda samkvæmt fyrirráælum 1. og 2. liðs 27. greinar starfsreglugerðarinnar.

14. grein.

Óskilabögglar.

1. Hafi sendandi eigi sent beiðni um hið gagnstæða, skal endursenda honum án tilkynningar fyrirfram og á hans kostnað böggul, sem ekki er hægt að koma til skila, enda hafi hann legið þann tíma, sem fyrirskipaður er samkvæmt ákvæðum póststjórnar ákvörðunarlandsins.

Þó skal böggull, sem viðtakandi neitar algerlega, endursendur þegar í stað.

2. Um leið og sendandi lætur böggul á póst getur hann beðið um, ef ekki er hægt að afhenda böggulinn eftir utanáskriftinni, að annaðhvort sé

a) farið með hann sem afsalaðan eða að hann sé

b) boðinn til afhendingar eftir annari utanáskrift í ákvörðunarlandinu.

Um annað er ekki að velja. Ef sendandi neytir þessarar heimildar verður hann að setja beiðnina á fylgibréfið og skal hún vera annaðhvort eins eða lík og þessar fyrirmýndir:

„Ef ekki er hægt að afhenda eftir utanáskrift, afsalað“.

„Ef ekki er hægt að afhenda eftir utanáskrift, skal afhenda“.

Sama beiðni skal einnig rituð á umbúðir böggulsins.

3. Gjöld, sem hvila á endursendum óskilabögglum, skulu innheimt samkvæmt fyrirmælum 35. greinar.

15. grein.

Afnám tollgjalda.

Baðir aðilar þessa samnings taka að sér að hvetja hlutaðeigandi tollstjórnir til að afnema tollgjöld á bögglum, sem eru endursendir til upprunastaðar, afsalaðir af sendendum, eyðilagðir eða áframsendir til þriðja lands.

16. grein.

Sala og eyðilegging.

Hluti, sem hættu er á að gangi úr sér eða skemmist, og aðeins slíka hluti, má selja þegar í stað og jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar tilkynningar eða lagalegra formsatriða. Sé einhverra orsaka vegna ekki hægt að framkvæma söluna, skulu hinir skemmdu eða úr sér gengnu hlutir eyðilagðir.

17. grein.

Afsalaðir bögglar.

Böggla, sem ekki er hægt að afhenda viðtakendum og sem sendendur hafa afsalað sér, skal póststjórn ákvörðunarlandsins ekki endursenda, heldur fer hún með þá eins og löggjöf hennar mælir fyrir. Vegna slíkra böggla skal póststjórn ákvörðunarlandsins ekki gera neina kröfu á hendur póststjórn sendi-landsins.

18. grein.

Fyrirspurnir.**111**

15. nóv.

1. Gjald, sem fari ekki fram úr 1 franka, má taka fyrir hverja fyrirspurn um böggul eða póströfuávisun.
Ekkert gjald skal tekið, hafi sendandi þegar borgað sérstakt gjald fyrir móttökukvittun.
2. Fyrirspurnir skulu aðeins leyfðar innan eins árs tíma að telja frá deginum næst á eftir þeim, er böggullinn var látinn á póst.
3. Sé fyrirspurn komin fram vegna vangár af póstmanna hálfu, skal fyrirspurnargjaldið endurborgað.

19. grein.

Póströfubögglar. — Burðargjöld, skilyrði og reikningsskil.

1. Böggla má senda gegn póströfu í viðskiptum milli hins sameinaða konungsríkis og Íslands.
Upphæð póströfunnar skal tilgreind í mynt landsins, sem böggullinn er frá.
Hámarksupphæð póströfu á böggli til afhendingar í hinu sameinaða konungsríki skal vera £ 40, og á böggli til afhendingar á Íslandi £ 40. Við útreikning póströfuupphæðar skal broti úr penny sleppt. Báðar póststjórnirnar leyfa póströfuböggla í transít um sínar þjónustur. Reikningar tilheyrandi innheimtum póströfum skulu eigi að síður gerðir og greiddir beina leið milli uppruna- og ákvörðunarlanda póströfuböggla.
2. Póströfuböggla skal farið með og borgað undir sem almenna böggla, eða ef svo ber undir, sem böggla með tilgreindu verði. Auk þess greiðir sendandi sérstakt gjald, sem skal ákveðið af póststjórn upprunalandins, og má það ekki vera meira en:
 - a) 2½ d fyrir hvert 1 £ eða brot úr 1 £ af póströfuupphæðinni á böggli, sem látinn er á póst í hinu sameinaða konungsríki.
 - b) 55 aurar fyrir upphæð, er fer ekki fram úr 50 kr., 80 aurar fyrir upphæð, er fer fram úr 50 kr., en ekki fram úr 100 kr., og 50 aurar fyrir hverjar 100 krónur eða brot úr 100 krónum til viðbótar af póströfuupphæðinni á böggli, sem látinn er á póst á Íslandi.
3. Hin innheimta póströfuupphæð skal send í póströfuávisun, sem sé gefin út ókeypis.
4. Til viðbótar hinu sérstaka gjaldi, sem ákveðið er í 2. lið, skal póststjórn hins sameinaða konungsríkis heimilt að taka af sendanda póströfubögguls, sem látinn er á póst í hinu sameinaða konungsríki, viðbótargjald er fari ekki fram úr 2 d fyrir hvern böggul, og af viðtakanda póströfubögguls, sem afhentur er í hinu sameinaða konungsríki, viðbótargjald, er fari ekki fram úr 4 d fyrir hvern böggul.

20. grein.

Afnám eða breyting á póströfupphæð.

Eftir að póströfuböggull er settur á póst, getur sendandi hvorki fengið upphæð póströfunnar afnumda né breytt henni.

21. grein.

Póströfubögglar. — Ábyrgð vegna týnslu, rána eða skemmda.

Báðar póststjórnirnar skulu ábyrgar eftir skilyrðum þeim, sem sett eru í 27. til 33. grein hér á eftir, fyrir týnslu póströfubögguls, svo og fyrir ráni eða skemmdum á innihaldi hans.

22. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu á póströfupphæð.

Hafi böggullinn verið afhentur viðtakanda án innheimtu á póströfupphæðinni, á sendandi rétt á skaðabótum, þó því aðeins að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 18. grein, og að vanrækslan á innheimtunni sé ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi. Sama gildir og, ef upphæð sú, sem innheimt var hjá viðtakanda, er lægri en upphæð póströfunnar, eða ef innheimta á upphæðinni hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar skulu undir engum kringumstæðum fara fram úr póströfupphæðinni.

Með því að greiða skaðabætur öðlast hlutaðeigandi póststjórn réttindi sendanda á allt að hinni greiddu upphæð að því er snertir aðgang, ef til kæmi, gegn viðtakanda eða þriðja manni.

23. grein.

Ákvæði um ábyrgð á póströfum.

Greiðsla hjá póststjórn upprunalandins á hinum reglulega innheimtu upphæðum fer fram fyrir reikning póststjórnar ákvörðunarlandsins. Á sama hátt fer greiðsla á skaðabótum fram fyrir reikning póststjórnar ákvörðunarlandsins, ef ábyrgðin hvílir á henni.

Eftir að böggull hefir verið afhentur er póststjórn ákvörðunarlandsins ábyrg fyrir póströfupphæðinni, nema hún geti sannað, að yfirsjónin stafi af því að póststjórn sendilandsins hafi brotið fyrirskipaðar reglur, eða geti leitt rök að því, að böggullinn eða fylgibréfið, er þau voru afhent í hennar þjónustu, hafi ekki verið með þeim áritunum eða merkjum, sem fyrirskipuð eru í starfsreglugerðinni um póströfuböggla, eða að böggullinn hafi ekki verið sérstaklega færður úr á bögglapóstskrána samkvæmt 31. grein starfsreglugerðarinnar.

Póststjórn ákvörðunarlandsins skal skylt að endurgreiða samkvæmt fyrir- **111**
mælum 33. greinar upphæð þá, sem pósthjórn sendilandsins hefir lagt út. 15. nóv.

24. grein.

Póstkröfuávisanir.

Upphæð pósthkröfuávisunar, sem af einhverjum ástæðum er ekki hægt að greiða viðtakanda skal ekki endurgreidd pósthstjórninni, sem útgáfupósthús ávisunarinnar heyrir undir, heldur skal hún geymd til ráðstöfunar viðtakanda hjá pósthstjórn upprunals pósthkröfuböggulsins og skal falla til hennar að lokum, þegar hinn löglegi tími, sem hún er í gildi, er runninn út.

Að öllu öðru leyti og með þeim fyrirvara, sem starfsreglugerðin getur um, skulu pósthkröfuávisanir vera háðar ákvæðum pósthávisanasamningsins, sem pósthstjórnirnar hafa gert sín á milli.

25. grein.

Böggjar með tilgreindu verði. — Burðargjöld og skilyrði.

1. Böggjar mega vera með tilgreindu verði allt að 10.000 franka.
2. Ábyrgðargjald, sem pósthstjórn upprunalsins ákveður, skal tekið fyrir hverja 300 franka eða minna af hinni tilgreindu upphæð.
3. Pósthstjórn upprunalsins skal einnig heimilt, að taka af sendanda bögguls með tilgreindu verði afgreiðslugjald, er eigi má fara fram úr 50 sentímum.
4. Sendandi bögguls með tilgreindu verði skal fá ókeypis pósthkvittun fyrir böggli sínum um leið og hann er látinn á pósth.

26. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Tilgreining verðsins má ekki fara fram úr hinu raunverulega verði á innihaldi böggulsins og umbúðum hans, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þessa verðs.

Sviksamleg tilgreining á hærra verði en hinu raunverulega verði böggulsins hefir í för með sér hverja þá sókn að lögum, sem löggjöf upprunalsins leyfir.

Nú hefir innihald bögguls ekkert peningalegt gildi og má þó tilgreina verð hans að nafni til, í þeim tilgangi að njóta tryggingar þeirrar, sem meðferð böggla með tilgreindu verði býður.

27. grein.

Ábyrgð vegna týnslu, rána eða skemmda.

1. Með þeim undantekningum, er segir í næstu grein á eftir, skulu báðar pósthstjórnirnar ábyrgar fyrir týnslu böggla og fyrir týnslu, ráni eða skemmdum á innihaldi þeirra, að öllu eða nokkru leyti.

Sendandi á í þessu efni rétt á skaðabótum, er svari hinni raunverulegu

111

15. nóv.

upphæð tapsins, ránsins eða skemmdanna. Fyrir almenna böggla skal upphæð skaðabótanna ekki fara fram úr 25 frönkum fyrir böggul allt að fimm kílógrömmum að þyngd (11 lb) og 40 frönkum fyrir böggul yfir fimm kílógrömm að þyngd. Fyrir böggul með tilgreindu verði mega bæturnar ekki fara fram úr upphæð hins tilgreinda verðs.

Pegar týnslan, ránið eða skemmdirnar koma fyrir í þjónustu ákvörðunarlandsins, getur pósthjórn þess greitt viðtakanda skaðabæturnar á eigin kostnað og án þess að ráðgast við pósthjórn upprunalsins, að því tilskyldu að viðtakandi geti fært sönnur á, að sendandi hafi afsalað sér rétti sínum í hendur viðtakanda.

2. Þegar skaðabætur eru ákveðnar kemur óbeinn skaði eða hagnaður, sem tapast, ekki til greina.
3. Skaðabætur skulu reiknaðar eftir gangverði vara af sömu tegund eins og það var á staðnum á þeim tíma, er varan var tekin til flutnings.
4. Þegar greiða ber skaðabætur fyrir tap, eyðileggingu eða algerðar skemmdir á böggli eða fyrir rán á öllu innihaldi hans, á sendandi rétt á að fá endurgreiddan sendingarkostnaðinn líka.
5. Ábyrgðargjaldið og afgreiðslugjaldið, ef svo ber undir, falla undir öllum kringumstæðum til hlutaðeigandi pósthjórna.

28. grein.**Undantekning frá reglunni um ábyrgð.**

Báðar pósthjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð:

- a) ef um ofurefli er að ræða (vis major);
- b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir böggulunum vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagst af völdum ofureflis (vis major);
- c) þegar skaðinn hefir orsakast af yfirsjón eða hirðuleysi sendanda, eða stafar af eðli sendingarinnar;
- d) þegar um er að ræða böggla, þar sem innihaldið fellur undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 10. grein;
- e) þegar um er að ræða böggla, sem verðið á er ranglega tilgreint hærra en hið raunverulega verð innihalds og umbúða;
- f) þegar um er að ræða böggla, sem sendandi hefir enga fyrirspurn gert um innan þess tíma, sem segir í 18. grein;
- g) þegar um er að ræða böggla, sem innihalda dýra steina, gimsteina eða einhvern hlut úr gulli, silfri eða platinu, ef þeir fara fram úr 2500 frönkum að verðmæti og eru ekki útbúnir í öskjum af þeirri stærð, sem fyrir er mælt í 3. lið 6. greinar í starfsreglugerðinni.

29. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

111

15. nóv.

Báðar pósthjórnrnar hætta að bera ábyrgð á böggllum eftir að þeir hafa verið afhentir samkvæmt fyrirmælum innanlandsreglugerða þeirra og eigendur eða umboðsmenn þeirra hafa tekið við þeim athugasemdalaust.

30. grein.

Greiðsla á skaðabótunum.

Greiðsla á skaðabótum skal framkvæmd af pósthjórnu upprunalandans, nema í því tilfelli, sem nefnt er í 1. lið 27. greinar, þar sem pósthjórnu ákvörðunarlandsins framkvæmir greiðsluna.

Pósthjórnu upprunalandans getur þó, að fengnu samþykki sendanda, heimilað pósthjórnu ákvörðunarlandsins að gera upp við viðtakanda.

Pósthjórnu sú, sem greiðsluna innir af hendi, heldur réttinum til endurgreiðslu gegn pósthjórnninni, sem ábyrgðina ber.

31. grein

Frestur á skaðabótagreiðslu.

1. Skaðabætur skulu greiddar eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan árs, að telja frá deginum eftir að krafan var sett fram.
2. Pósthjórnu upprunalandans er heimilt að gera upp við sendanda á kostnað hinnar pósthjórnnarinnar, ef hún, eftir löglega aðvörun, hefir látið líða níu mánuði án þess að taka ákvörðun í málinu.
3. Pósthjórnu upprunalandans getur, þegar sérstaklega stendur á, frestað skaðabótagreiðslu fram yfir eitt ár, ef ekki er hægt að útkljá hvor ábyrgðina beri vegna atvika, sem hlutaðeigandi pósthjórnrir ráða ekki við.

32. grein.

Ákvæði um skaðabótaskyldu.

1. Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin á þeirri pósthjórnu, sem eftir að hafa tekið á móti bögglinum frá hinni pósthjórnninni athugasemdalaust og eftir að hafa fengið í hendur öll fyrirskipuð gögn til eftirgrennslunar, getur hvorki sýnt fram á, að böggullinn hafi réttilega verið afhentur viðtakanda eða umboðsmanni hans, né heldur reglulega sendur áfram til næstu pósthjórnnar, ef svo ber undir.
2. Nú er böggull sendur úr öðru hvoru landinu til afhendingar í hinu, en týnist, skemmist eða rænt er úr honum meðan hann er í flutningi og ekki er hægt að sanna í hvors þjónustu það hafi komið fyrir, þá skulu báðar pósthjórnrnar bera skaðabótaupphæðina að jöfnu.
3. Sömu reglur skulu gilda, að því leyti sem hægt er, þegar aðrar pósthjórnrir

111

15. nóv.

hafa flutninginn með höndum. Þó skal hvorug póststjórnin vera ábyrg, ef um er að ræða böggul, sem sendur er í transít úr öðru hvoru landinu um hitt, en tap, rán eða skemmdir verða í póstpjónustu einhvers lands, sem ekki tekur á sig neina ábyrgð.

4. Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki hafa fengizt afnumin, skulu borin af þeirri póststjórn, sem ábyrgð ber á tapi, skemmdum eða ráni.
5. Með því að greiða skaðabæturnar öðlast hlutaðeigandi póststjórn réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að upphæð þeirri, sem greidd hefir verið, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

Ef böggull, sem talinn hefir verið glataður, kemur fram seinna annaðhvort heill eða að nokkru leyti, skal þeim, er skaðabætur voru greiddar, gefinn kostur á að taka böggulinn gegn endurgreiðslu skaðabótaupphæðarinnar.

33. grein.

Endurgreiðsla skaðabóta til póststjórnar upprunalandsins.

Póststjórn sú sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnað greiðslunnar samkv. 30. grein, er skyld að endurgreiða skaðabótaupphæðina innan þriggja mánaða frá tilkynningu um greiðsluna. Upphæðin skal innheimt hjá hinni ábyrgu póststjórn í reikningum þeim, sem gert er ráð fyrir í 2. lið 33. greinar starfsreglugerðarinnar.

Póststjórn sú, sem réttilega hefir sannast á að beri ábyrgðina, og sem hefir í upphafi neitað að greiða skaðabæturnar, skal einnig bera allan viðbótarkostnað, sem kann að leiða af óréttmætum drætti á greiðslunni.

34. grein.

Endurgjald fyrir flutning.

Fyrir hvern böggul, sem sendur er úr öðru hvoru landanna til afhendingar í hinu, endurgreiðir sendipóststjórnin ákvörðunarpóststjórninni þær þóknanir, sem henni bera samkvæmt fyrirmælum 4. og 5. greinar.

Fyrir hvern böggul, sem sendur er úr öðru hvoru landanna í transít um hitt skal sendipóststjórnin endurgreiða hinni póststjórninni þóknanir þær, sem henni ber fyrir flutning og ábyrgð böggulsins.

35. grein.

Kröfur vegna áframsendingar eða endursendingar.

Sé um að ræða áframsendingu eða endursendingu á böggli úr öðru landinu til hins, skal sú póststjórnin, sem sendir á ný, krefja hina póststjórnina um þóknanir þær sem henni ber sjálfri og sérhverri annari póststjórn, sem tekur þátt í á-

framsendingunni eða endursendingunni. Gjaldið skal sett á bögglastkrána, sem **111**
á við þann pósthlutning, sem böggullinn er í. 15. nóv.

36. grein.

Gjald fyrir áframsendingu í ákvörðunarlandinu.

Sé um að ræða frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar
fellur gjald það fyrir áframsendingu, sem ræðir um í 2. lið 12. greinar, til lands-
ins sem áframsendi böggullinn innan landssvæðis síns.

37. grein.

Ýms gjöld.

1. Eftirfarandi gjöld falla óskert til þeirrar pósthjónnar, sem hefir inn-
heimt þau:
 - a) hið sérstaka gjald, sem nefnt er í 8. grein, fjórðu málsgrein;
 - b) gjaldið fyrir móttökukvittun, sem nefnt er í 11. grein;
 - c) fyrirspurnargjaldið, sem nefnt er í 18. grein, 1. lið;
 - d) aukagjaldið fyrir pósthkröfuböggul, sem nefnt er í 19. grein, 4. lið;
 - e) afgreiðslugjaldið fyrir böggul með tilgreindu verði, sem nefnt er í 25.
grein, 3. lið.
2. Gjöldin fyrir tollmeðferð, sem nefnd eru í 6. grein falla til pósthjónnar á-
kvörðunarlandsins. Umboðsgjaldsins, sem nefnt er í 8. grein, þriðju málsg-
rein, getur sama pósthjónn einnig krafizt.

38. grein.

Pósthkröfugjald.

Gjald það, sem nefnt er í 2. lið 19. greinar skiptist milli pósthjónna sendi-
og ákvörðunarlands eins og gert er ráð fyrir í 2. lið 35. greinar starfsreglu-
gerðarinnar.

39. grein.

Ábyrgðargjald.

Þegar um er að ræða böggla með tilgreindu verði skal pósthjónn uppruna-
landsins færa pósthjónn ákvörðunarlandsins til tekna fyrir landflutning 5 sent-
íma fyrir hverja 300 franka hins tilgreinda verðs eða minna. Sjái pósthjónn á-
kvörðunarlandsins fyrir sjóflutningi, skal pósthjónn upprunalsins færa henni
til tekna viðbótargjald, er nemi 10 sentímum fyrir hverja 300 franka hins til-
greinda verðs eða minna.

40. grein.

Ýmisleg ákvæði.

1. Frankar þeir og sentímar, sem nefndir eru í samningi þessum, eru gull-
frankar og sentímar eins og þeir eru skilgreindir í alþjóðapósth-samningnum.

- 111** 2. Á böggla skal ekki leggja nein önnur póstgjöld en þau, sem greind eru í samningi þessum, nema með gagnkvæmu samþykki beggja póststjórnanna.
15. nóv. 3. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur hvor póststjórnin um sig upphafið bögglapóstviðskiptin um stundarsakir, að öllu eða nokkru leyti, með því skilyrði að tilkynna hinni póststjórninni það þegar í stað, og símleiðis ef nauðsyn krefur.
4. Báðar póststjórnirnar hafa sett eftirfarandi starfsreglugerð til öryggis á framkvæmd á samningi þessum. Frekari einstök atriði, sem ekki koma í bága við fyrirmæli þessa samnings og sem ekki er gert ráð fyrir í starfsreglugerðinni, lagfærast smámsaman með gagnkvæmu samþykki.
5. Innanlandslöggjöf hins sameinaða konungsríkis, og innanlandslöggjöf Íslands skulu gilda um allt það, sem ekki er gert ráð fyrir í ákvæðum þessa samnings eða í starfsreglugerðinni til framkvæmda á honum.

41. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann skuli gilda.

Samningur þessi kemur til framkvæmda þann 1. desember 1933, og gildir í eitt ár frá þeim degi að telja, er önnur hvor póststjórnin segir honum upp.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa verið gerðir fullgildir til þess, sett nöfn sín undir samning þenna og fest innsigli sín við.

Gerður í tveimur eintökum á íslenzku og á ensku, í Reykjavík hinn 3. dag nóvembermánaðar 1933 og í London hinn 17. dag októbermánaðar 1933.

S. Briem
(L. S.)

Howard Kingsley Wood
(L. S.)

Þetta er hérmeð birt almenningi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.